

ar þær, er áfrýjandi ætlaði að leggja fyrir hæstaréttardómara Pál Einarsson, er engin ástæða til að taka kröfu þessa til greina.

Þ v í ú r s k u r ð a s t :

Krafa þessi verður eigi tekin til greina.

Mánudaginn 29. febr. 1932.

Nr. 75/1931. **Einar M. Jónasson** (Sjálfur)

gegn

skiptaráðandanum í Barðastrandarsýslu, Bergi Jónssyni, og Jóni J. Maron (Stefán J. Stefánsson).

Krafa um ómerkingu skiptafundargerðar eigi tekin til greina.

Skiptafundargerðir Barðastrandarsýslu 28. marz og 8. maí 1931.

Dómur hæstaréttar.

Í marzmánuði 1926 tók áfrýjandi, er þá var skiptaráðandi Barðastrandarsýslu, bú Hannesar B. Stephensen & Co. á Bildudal til þrotabússkipta og var búið undir skiptum hjá honum þar til að honum í lok nóvembermánaðar 1927 var vikið frá embætti. Á þeim tíma, er áfrýjandi fór með skipti bússins, voru eigur þess seldar og nokkuð af andvirði þeirra var greitt til hans. Tók ríkissjóður á sig að greiða inneign þrotabúsins hjá honum, en fékk síðan dóm á hendur áfrýjanda fyrir upphæð þeirri, er talið var, að búið ætti innistandandi hjá honum. Eftir að áfrýjanda var vikið frá embætti, verður

eigi af skjölum málsins séð, að neitt hafi verið átt við skipti á þrotabúinu, þar til skiptafundur var haldinn í því 28. marz f. á. Á þeim skiptafundi lagði hinn stefndi skiptaráðandi, Bergur Jónsson, er tekið hafði við sýslumannsembætti Barðastrandarsýslu eftir áfrýjanda, fram skrá yfir eignir og skuldir þrotabúsins og frumvarp til úthlutunargjörðar. Á skiptafundi þessum mætti enginn af hálfu áfrýjanda og var eigna- og skuldaskrá búsins samþykkt með óverulegri breytingu. Þ. 8. maí s. á. var svo haldinn lokaskiptafundur í búinu og eigum búsins úthlutað í skuldirnar í samræmi við úthlutunarfrumvarpið.

Báðum þessum skiptagjörðum hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 21. júlí f. á., og hefir hann krafizt þess, að þær verði ómerktar, að skiptaráðandinn, Bergur Jónsson, verði sektaður og víttur fyrir ástæðulausan drátt á skiptunum, fyrir misbeiting á embættisvaldi í sambandi við eigur búsins og fyrir óhæfilegan framdrátt einstakra kröfuhafa á kostnað rikissjóðs. Svo hefir hann og krafizt, að hinir stefndu verði in solidum eða hvor þeirra um sig dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Af hálfu hinna stefndu hefir hinsvegar verið krafizt staðfestingar á skiptaréttargjörðunum og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Ein af ástæðum áfrýjanda fyrir ómerkingarkröfunni er sú, að með eigna- og skuldaskrá þrotabúsins og úthlutunargjörðinni sé rétti rikissjóðs hallað og hefir hann skýrt svo frá hér fyrir réttinum, að hann hafi heimild fjármálaráðuneytisins til þess að koma fram með þessa ómerkingarástæðu. En þessu hefir verið mótmælt og þar sem fjármála-

ráðuneytið hefir eigi áfrýjað skiptunum og ekkert er komið fram í málinu, er bendir til þess, að það vilji eigi una við skiptin, þá verður ekkert tillit tekið til þessarar ómerkingarástæðu.

Í annan stað rökstyður áfrýjandi ómerkingarkröfu sína með því, að framangreind skiptaréttarhöld hafi verið auglýst með of stuttum fyrirvara, hafi auglýsingin um þau ekki verið birt í Lögbirtingablaðinu fyrir en 26. marz f. á. og hún eigi komið sér í hendur fyrir en eftir að skiptaréttarhaldið 28. marz f. á. var um garð gengið, og því hafi hann verið útilokaður frá að láta mæta þar. Það er nú að vísu rétt, að auglýsingin um skiptaréttarhöldin, er dags. var 18. marz f. á., var eigi birt í Lögbirtingablaðinu fyrir en 26. s. m., eða tveimur dögum áður en fyrra skiptaréttarhaldið fór fram, en þar sem þess er getið í skiptabókinni, að réttarhöldin hafi einnig verið boðuð með uppfestri auglýsingu á Bildudal, þá verða skiptaréttargjörðirnar ekki ómerktar fyrir þessa sök, sbr. 23. gr. skiptalaganna.

Loks hefir áfrýjandi krafizt ómerkingar fyrir þá sök, að hinn stefndi skiptaráðandi hafi synjað umboðsmanni sínum að mæta í lokaskiptaréttarhaldinu 8. maí f. á. Í skiptabókinni er þess getið, að umboðsmaður áfrýjanda hafi verið mættur á skiptafundinum, en að honum af þar tilgreindum ástæðum hafi verið synjað um atkvæðisrétt, og má fallast á, að það hafi verið rétt, þar sem áfrýjandi hafði eigi, svo séð verði, gjört neina kröfu í þrotabúið, og rikissjóður hafi svo sem áður segir tekið að sér að greiða innieign þrotabúsins hjá áfrýjanda.

Samkvæmt því, er sagt hefir verið, verður krafa áfrýjanda um ómerking skiptaréttargjörðanna ekki tekin til greina.

Að því, er snertir kröfur áfrýjanda um ábyrgð á hendur skiptaráðanda, þá eru þær eigi á neinum rökum reistar, að því undanskildu, að mikill dráttur hefir orðið á skiptum búans, sem eigi er nægilega réttlættur, en þar sem eigi verður séð, að drátturinn hafi bakað áfrýjanda tjón, þá er eigi ástæða til að taka sektarkröfuna til greina, enda hefir skiptaráðanda eigi verið stefnt til ábyrgðar fyrir meðferð hans á búinu.

Eftir framangreindum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði hinum stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 100 kr. til hvors þeirra um sig.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjuðu skiptaréttargjörðum skal óraskað.

Áfrýjandinn, Einar M. Jónasson, greiði skiptaráðandanum í Barðastrandarsýslu, Bergi Jónssyni, og Jóni J. Maron á Bildudal, hvorum um sig 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. febr. 1932.

Nr. 47/1931. **Hulda Þorsteinsson**

gegn

Einari Kr. Guðmundssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hulda Þorsteinsson, er eigi mætir í